

Menntavísindasvið HÍ og SFS: Vorblót 2019



Á mánudag 13. maí kl. 14:00-18:00 verður haldið Vorblót ætlað öllum sem áhuga hafa á uppeldis- og menntamálum. Að Vorblofi 2019 standa Menntavísindasvið HÍ og skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar í samvinnu við fulltrúa frá Listahaðskóla Íslands, Kópavogi, Hafnarfirði, RUÚ, List fyrir alla, Menntamálastofnun og fleiri. Vorblótið verður haldið í húsnæði Menntavísindasviðs HÍ v/ Stakkahlíð.

Í boði verða menntabúðir, kynningar á skóla- og frístundastarfi, sýningar, umræður og margt fleira.

Peir sem hafa áhuga á að vera með framlag geta [skráð sig til að taka þátt](#) í menntabúðum, vera með veggspjaldakynningu eða með stutta kynningu/smiðju. Einnig eru aðrir sem vilja mæta eða taka þátt hvattir til að [skrá sig](#).

Sérstök kynning verður á Erasmus+ verkefninu ProHear, sem Menntamiðja tekur þátt í. Markmið verkefnisins er að útbúa tölvustutt námsefni fyrir heyrnarlausar og heyrnarskerta um þátttöku á vinnumarkaði.

Nánari dagskrá vorblótsins er í vinnslu og verður kynnt síðar á [vefsíðu Vorblótsins](#).